

EBITDA Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI DRÓST SAMAN UM 8.6%

- Tekjur námu 182,2 milljónum evra, hækkuðu um 8,3 milljónir evra eða 4,8% frá Q3 2017
 - Magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,9% drifið af 6,2% vexti í gámaskipakerfinu
 - Magn í flutningsmiðlun jókst um 5,5% drifið af 36,5% vexti í þurrvöruflutningum
- EBITDA nam 17,6 milljónum evra, dróst saman um 1,7 milljónir evra frá Q3 2017
- Hagnaður nam 6,3 milljónum evra samanborið við 8,8 milljón evra hagnað Q3 2017
- Eiginfjárlutfall var 49,7% og nettóskuldir námu 132,9 milljónum evra í lok september 2018
- Afkomuspá fyrir árið 2018 er EBITDA á bilinu 49 til 53 milljónir evra

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTRARREIKNINGUR	Q3 2018	Q3 2017	Breyting	%	9M 2018	9M 2017	Breyting	%
Rekstrartekjur	182.164	173.868	8.296	4,8%	510.327	488.090	22.237	4,6%
Rekstrargjöld	164.530	154.581	9.949	6,4%	470.529	442.790	27.739	6,3%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	17.634	19.287	(1.653)	(8,6%)	39.798	45.300	(5.502)	(12,1%)
Afskriftir	(7.896)	(7.561)	(335)	4,4%	(23.621)	(22.417)	(1.204)	5,4%
Rekstrar(tap) hagnaður - EBIT	9.738	11.726	(1.988)	(17,0%)	16.177	22.883	(6.706)	(29,3%)
Hrein fjármagnsgjöld	(1.331)	(1.650)	319	(19,3%)	(3.346)	(5.996)	2.650	(44,2%)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(170)	(20)	(150)	-	(1.185)	(193)	(992)	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	8.237	10.056	(1.819)	(18,1%)	11.646	16.694	(5.048)	(30,2%)
Tekjuskattur	(1.968)	(1.264)	(704)	55,7%	(2.348)	(2.775)	427	(15,4%)
Hagnaður tímabilsins	6.269	8.792	(2.523)	(28,7%)	9.298	13.919	(4.621)	(33,2%)
Hagnaður á hlut í evrum	0,0328	0,0462			0,0483	0,0733		
Tekjubreyting	4,8%	29,7%			4,6%	30,7%		
EBITDA / rekstrartekjur	9,7%	11,1%			7,8%	9,3%		
EBIT / rekstrartekjur	5,3%	6,7%			3,2%	4,7%		
Nettóskuldir / LTM-EBITDA	2,57	1,60			2,57	1,60		
EFNAHAGSREIKNINGUR	30.09.2018	30.09.2017	Breyting	%	30.09.2018	31.12.2017	Breyting	%
Eignir	487.944	445.663	42.281	9,5%	487.944	459.515	28.429	6,2%
Fastafjármunir	332.808	294.461	38.347	13,0%	332.808	313.529	19.279	6,1%
Veltufjármunir	155.136	151.202	3.934	2,6%	155.136	145.986	9.150	6,3%
Eigið fé	242.538	242.703	(165)	(0,1%)	242.538	244.610	(2.072)	(0,8%)
Skuldir	245.406	202.960	42.446	20,9%	245.406	214.905	30.501	14,2%
Langtímaskuldir	132.217	101.586	30.631	30,2%	132.217	117.614	14.603	12,4%
Skammtímaskuldir	113.189	101.374	11.815	11,7%	113.189	97.291	15.898	16,3%
Vaxtaberandi skuldir	152.219	112.960	39.259	34,8%	152.219	125.984	26.235	20,8%
Nettóskuldir	132.889	88.415	44.474	50,3%	132.889	102.815	30.074	29,3%
Efnislegar eignir / heildareignir	85,9%	85,8%			85,9%	85,4%		
Eiginfjárlutfall	49,7%	54,5%			49,7%	53,2%		
SJÓÐSTREYMI	Q3 2018	Q3 2017	Breyting	%	9M 2018	9M 2017	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	10.647	7.669	2.978	38,8%	20.654	26.824	(6.170)	(23,0%)
Fjárfestingarhreyfingar	(13.467)	(9.965)	(3.502)	35,1%	(38.222)	(50.016)	11.794	(23,6%)
Fjármögnunarhreyfingar	708	(9.382)	10.090	-	13.109	9.169	3.940	43,0%
Breyting á handbæru fé	(2.112)	(11.678)	9.566	(81,9%)	(4.459)	(14.023)	9.564	(68,2%)
Handbært fé í upphafi tímabils	21.517	36.608	(15.091)	(41,2%)	23.169	39.543	(16.374)	(41,4%)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(75)	(385)	310	-	620	(975)	1.595	-
Handbært fé í lok tímabils	19.330	24.545	(5.215)	(21,2%)	19.330	24.545	(5.215)	(21,2%)

GYLFI SIGFÚSSON, FORSTJÓRI

„Þriðji ársfjórðungur 2018 var sá stærsti hjá félaginu hvað tekjur snertir frá árinu 2009 en hinsvegar er afkoma fjórðungsins undir okkar væntingum. Helstu ástæður fyrir lakari EBITDA afkomu á þriðja ársfjórðungi eru raktar til 1,7 milljóna evra lækkun í starfsemi okkar í Noregi þar sem flutningsmagn dróst saman ásamt því að félagið varð fyrir rekstraráfallum þegar frystiskip biluðu sem hafði neikvæð áhrif á afkomuna. Þá var afkoma af flutningsmiðlun 1,4 milljónum evra lægri samanborið við fyrra ár.

Fjórar megin ástæður eru fyrir samdrætti á milli ára í EBITDA afkomu fyrstu níu mánaða ársins. Í fyrsta lagi vegna lakari afkomu af rekstri í Noregi samanber ofangreint. Í öðru lagi, þá bætti félagið við þriðja skipinu á Norður-Ameríku leið félagsins, til þess að uppfylla markmið um vikulega þjónustu á öllum mörkuðum til að styðja við Trans-Atlantic og Short-Sea þjónustuna. Vöxtur í flutningsmagni og tekjum skilaði sér hægar en við höfðum gert ráð fyrir en á undanförunum vikum erum við að sjá auknar bókanir og við gerum ráð fyrir að áframhaldandi vöxtur fari að skila sér í aukinni framlegð. Við erum einnig að leggja meiri áherslu á sölu á Trans-Atlantic og Short-Sea þjónustunni. Í þriðja lagi þá hefur spennan á ákveðnum viðskiptasvæðum og samþjöppun á markaði hjá stóru skipafélögum haft áhrif á flutningsmiðlun félagsins. Því til viðbótar þá hætti félagið að vera umboðsaðili fyrir skipafélag í Evrópu sem hafði neikvæð áhrif á afkomu þriðja ársfjórðungs. Litið fram á veginn, þá gerum við ráð fyrir að flutningsmiðlun styrkist á ný og að það dragi úr umrótinu í tengslum við sameiningar og samþjöppun á markaði hjá stóru skipafélögum og ástandið verði eðlilegt á ný. Í fjórða lagi, þá hefur minni innflutningur á bílum og vélum til Íslands neikvæð áhrif á afkomu en á móti kemur að útflutningur frá Íslandi hefur gengið mjög vel.

Félagið gerir ráð fyrir jákvæðum áhrifum úr fjölda verkefna sem að það hefur ráðist í til þess að bæta reksturinn og auka arðsemina til lengri tíma litið. Við höfum skilað leiguskipi í Noregi og við erum með áform um endurskipulagningu á rekstrinum til þess að mæta breytingum á norska markaðnum. Við vinnum áfram í að aðlaga gámasiglingakerfið, með bættum hafnarsamningum. Þá er unnið að lækkun á gáma- og leigukostnaði skipa. Verið er að vinna markvisst að ná fram lækkun á launakostnaði með aukinni sjálfvirkni og tilhögun bakvinnslu. Félagið er að innleiða nýtt tölvukerfi fyrir flutningsmiðlun félagsins sem mun auka skilvirkni í ferlum og tengja betur saman skrifstofur sem mun leiða til aukinnar framlegðar og sterkari sölustarfsemi á milli skrifstofa. Það verður áframhaldandi áhersla lögð á að auka tekjur í Trans-Atlantic og Short-Sea flutningum.

Það er jákvætt að sjá vöxtinn í flutningsmagni á þriðja ársfjórðungi ársins í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi, sem er drifinn áfram af 6,2% vexti í gámaskipakerfinu tengt Trans-Atlantic flutningum og útflutningi frá Íslandi.

Flutningsmiðlun félagsins hefur átt erfitt uppdráttar vegna erfiðleika tengdum óróa á mörkuðum vegna samþjöppunar hjá stóru skipafélögum og bandalaga þeirra. Spennan á viðskiptasvæðum hefur einnig haft áhrif á flutningsmiðlunina en þrátt fyrir það var vöxturinn 5,5% á fjórðungnum, drifinn af þurrvöru.

Nýsmíði félagsins á tveimur 2,150 gámaeinga skipum í Kína gengur vel en gert er ráð fyrir að skipin verði afhent á öðrum árshelmingi 2019. Fyrirhugað samstarf með Royal Arctic Line er í skoðun hjá Samkeppniseftirlitinu.

Afkomuspá ársins var lækkuð 26. september sl. og er EBITDA áætluð á bilinu 49 til 53 milljónir evra.“

REKSTUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

Rekstrartekjur Eimskips á þriðja ársfjórðungi 2018 námu 182,2 milljónum evra samanborið við 173,9 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2017 og hækkuðu um 8,3 milljónir evra eða 4,8%. Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,9%, drifið af 6,2% vexti í gámaskipakerfinu tengt Trans-Atlantic flutningum, Íslandi og Færeyjum en samdráttur í Noregi var 13,1%. Tekjur af áætlunarsiglingum námu 116,5 milljónum evra, sem er aukning um 3,9% samanborið við sama tímabil í fyrra. Magnaukning í flutningsmiðlun nam 5,5%, drifið af 36,5% vexti í þurrvöru en samdráttur í frystiflutningsmiðlun var 5,2%. Tekjur af flutningsmiðlun námu 65,7 milljónum evra og jukust um 6,4%.

Heildar rekstrarkostnaður á þriðja ársfjórðungi nam 164,5 milljónum evra samanborið við 154,6 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi síðasta árs og jókst um 9,9 milljónir evra eða 6,4%. Rekstrargjöld í áætlunarsiglingum námu 99,0 milljónum evra, aukning um 4,5%. Aukning skýrist vegna aukinnar flutningsgetu í siglingakerfinu og hærri olúkostnaðar. Þá hefur launakostnaður einnig aukist vegna almennra launahækkana og aukings umfangs í rekstri félagsins. Það voru áskoranir í rekstri félagsins í Noregi í fjórðungnum og skip voru að bila sem hafði neikvæð áhrif á reksturinn. Rekstrargjöld í flutningsmiðlun námu 65,5 milljónum evra og jukust um 9,5% sem skýrist að mestu vegna aukningar í fluttu magni sem og hærri flutningsverða hjá stóru flutningsfyrirtækjunum.

EBITDA fjórðungsins nam 17,6 milljónum evra samanborið við 19,3 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi í fyrra og lækkaði um 1,7 milljónir evra eða 8,6%. EBITDA af áætlunarsiglingum félagsins nam 13,6 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 13,8 milljónir evra á þriðja fjórðungi síðasta árs og lækkaði um 0,2 milljónir evra eða 1,5%. Starfsemin í Noregi skilaði 1,7 milljón evra verri afkomu á þriðja ársfjórðungi samanborið við árið áður vegna minna magns í flutningum sem og vegna bilana á skipum. Á móti kemur að flutningastarfsemin á Íslandi hefur gengið vel sem og útflutningur frá Íslandi. EBITDA af flutningsmiðlunarstarfsemi félagsins nam 4,1 milljón evra samanborið við 5,5 milljónir evra á síðasta ári, lækkun um 26,2%. Lækkunin stafar af samdrætti í frystiflutningum sem hefur neikvæð áhrif á afkomuna og þá hætti félagið að vera umboðsaðili fyrir skipafélag í Evrópu sem hafði einnig neikvæð áhrif á afkomu þriðja ársfjórðungs, meðal annars vegna uppsagna starfsfólks.

Afskriftir námu 7,9 milljónum evra, hækkuðu um 0,3 milljónir evra á milli ára eða 4,4% en eru í samræmi við undanfarna ársfjórðunga.

Hrein fjármagnsgjöld námu 1,3 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi samanborið við 1,7 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður þriðja ársfjórðungs nam 6,3 milljónum evra samanborið við 8,8 milljónir evra á sama tímabili 2017, dróst saman um 2,5 milljónir evra.

REKSTUR FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRSINS

- **Tekjur námu 510,3 milljónum evra, hækkuðu um 22,2 milljónir evra eða 4,6% frá 9M 2017**
 - Magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,6% drifið af 6,0% vexti í gámaskipakerfinu
 - Magn í flutningsmiðlun jókst um 8,6% drifið af 43,0% vexti í þurrvöru
- **EBITDA nam 39,8 milljónum evra, dróst saman um 5,5 milljónir evra eða 12,1% frá 9M 2017**
- **Hagnaður nam 9,3 milljónum evra, dróst saman um 4,6 milljónir evra eða 33,2% frá 9M 2017**


Rekstrartekjur Eimskips fyrstu níu mánuði ársins 2018 námu 510,3 milljónum evra samanborið við 488,1 milljón evra á sama tímabili í fyrra og hækkuðu um 22,2 milljónir evra eða 4,6%. Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,6% drifið áfram af 6,0% vexti í gámaskipakerfinu tengt Trans-Atlantic flutningum, Íslandi og Færeyjum en á móti kemur samdráttur í Noregi um 11,9%. Magnaukning í flutningsmiðlun var 8,6%, drifin áfram af 43% vexti í þurrvöru en samdráttur í frystiflutningsmiðlun er 1,8%.

Rekstrargjöld félagsins námu 470,5 milljónum evra samanborið við 442,8 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og jukust um 27,7 milljónir evra eða 6,3%. Aukningin skýrist af aukinni afkastagetu siglingakerfisins, hærri olíukostnaði, vegna almennra launahækkana og aukinna umsvifa, auknu flutningsmagni, hærri verðum í alþjóðlegri flutningsmiðlun og frystiskip biluðu.

EBITDA tímabilsins nam 39,8 milljónum evra samanborið við 45,3 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum síðasta árs og dróst saman um 5,5 milljónir evra eða 12,1%. Helstu ástæður fyrir lækkun í EBITDA afkomu má rekja til aukinnar afkastagetu gámasiglingakerfis sem tengist Trans-Atlantic og Short-Sea þjónustu, lakari afkomu af starfsemi félagsins í Noregi og samdrætti í frystiflutningsmiðlun. Á móti kemur að flutningarekstur í Færeyjum hefur gengið vel og á Íslandi hefur reksturinn einnig gengið vel að undanskildu því að minni innflutningur er til landsins aðallega vegna bíla og tækja.

Hagnaður fyrir fyrstu níu mánuði ársins nam 9,3 milljónum evra samanborið við 13,9 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og dróst saman um 4,6 milljónir evra.


Á eftirfarandi myndum kemur fram að flutt magn fyrstu níu mánuði ársins í áætlunarsiglingum félagsins og flutningsmiðlun hefur vaxið jafnt og þétt á árunum 2014 til 2018 samanborið við sama tímabil árið áður. Magnvísitalan á hægri ásnum miðast við að magnið árið 2010 sé 100.



Eimskip er með 21 skip í rekstri, þar af tólf eigin skip og níu leiguskip. Fjórtán skipanna eru í áætlunarsiglingum, þrjú í „spot“ þjónustu, eitt í stórflutningum og þrjú í ferjusiglingum.

Rekstur félagsins hefur verið að vaxa á undanförunum árum eins og sjá má á eftirfarandi myndum sem sýna hvernig tekjur og EBITDA skiptast á fjórðunga á árunum 2014 til 2018.

Í milljónum evra



* 2,3 milljóna evra einskiptisliðum vegna kostnaðar var bætt við í Q1 2017 og 2,5 milljóna evra einskiptistekjur eru innifaldar í Q4 2017

EFNAHAGUR

- **Heildareignir námu 487,9 milljónum evra í lok september**
- **Eiginfjárlutfall var 49,7%**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 152,2 milljónum evra**
- **Nettóskuldir námu 132,9 milljónum evra**

Fastafjármunir námu 332,8 milljónum evra í lok september 2018 samanborið við 313,5 milljónir evra í árslok 2017. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 31,2 milljónum evra samanborið við 43,4 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum 2017.

Veltufjármunir námu 155,1 milljón evra í lok september samanborið við 146,0 milljónir evra í árslok 2017. Handbært fé nam 19,3 milljónum evra í lok september samanborið við 23,2 milljónir evra í árslok 2017. Viðskiptakröfur jukust úr 118,9 milljónum evra í árslok 2017 í 131,2 milljónir evra í lok september aðallega vegna árstíðabundinna sveiflna.

Eigið fé nam 242,5 milljónum evra í lok september og var eiginfjárlutfallið 49,7% samanborið við 53,2% í árslok 2017. Arður að fjárhæð 1.269,1 milljón króna, eða 10,4 milljónir evra, var greiddur hluthöfum í apríl 2018.

Skammtímaskuldir námu 113,2 milljónum evra í lok þriðja ársfjórðungs samanborið við 97,3 milljónir evra í árslok 2017. Hækkunin á fjórðungnum skýrist að mestu leyti af breytingu í næsta árs afborgun.

Vaxtaberandi skuldir námu 152,2 milljónum evra í lok september og hækkuðu úr 126,0 milljónum evra í lok árs 2017. Í lok september var félagið með skammtíma lánalínu hjá Íslandsbanka að fjárhæð 85,0 milljónir evra. Félagið hefur nú gengið frá endurfjármögnun þessarar lánalínu með langtímalánum frá Íslandsbanka og Landsbankanum á hagstæðari kjörum. Nettóskuldir námu 132,9 milljónum evra samanborið við 102,8 milljónir evra í árslok 2017.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 20,7 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2018**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 38,2 milljónum evra**
- **Handbært fé var 19,3 milljónir evra í lok september**

Handbært fé frá rekstri nam 20,7 milljónum evra fyrstu níu mánuði ársins 2018 samanborið við 26,8 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Nettó fjárfestingarhreyfingar á fyrstu níu mánuðum ársins námu 38,2 milljónum evra samanborið við 50,0 milljónir evra á sama tímabili 2017. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 34,2 milljónum evra, þar af voru viðhaldsfjárfestingar 23,5 milljónir evra. Stærstu fjárfestingar ársins eru í gámum, slíptöku skipa ásamt tækjabúnaði fyrir hafnarstarfsemi á Húsavík og í Sundahöfn.

Nettó fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 13,1 milljón evra samanborið við 9,2 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum síðasta árs. Breytingin er aðallega tilkomin vegna aukningar í nettó lántöku.

Handbært fé var 19,3 milljónir evra í lok september samanborið við 23,2 milljónir evra í árslok 2017.

ÁÆTLUÐ AFKOMA OG HORFUR ÁRSINS 2018

- **Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2018 er EBITDA á bilinu 49 til 53 milljónir evra**

Gert er ráð fyrir góðum útflutningi frá Íslandi það sem eftir lifir árs en gert er ráð fyrir um 40% vexti frá fyrra ári í flutningum tengdum Trans-Atlantic og Short-Sea. Magnaukning í Færeyjum verður stöðug en gert er ráð fyrir að flutningsmagn í Noregi haldi áfram að dragast saman frá fyrra ári. Samkeppni verður áfram hörð á markaðssvæði félagsins, sérstaklega í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi.

Frystiflutningsmiðlun hefur átt undir högg að sækja á árinu og áfram má búast við að spennu á mörkuðum en þó eru betri horfur framundan en raunin hefur verið á þessu ári.

Félagið vinnur að ýmsum verkefnum með það að markmiði að bæta afkomu og arðsemi rekstursins, t.d. með skilum á leiguskipi í Noregi, lækkun á rekstrarkostnaði gáma og lækkun á leiguverði skipa, lækkun á launakostnaði, aðlögun á siglingakerfinu, aukinni samlegð skrifstofa og önnur verkefni.

Almenn óvissa er varðandi pólitíska áhættu á alþjóðavettvangi, spennu á ákveðnum viðskiptasvæðum, efnahagsaðstæður á heimsvísu, flutningsmagn, verð á flutningum, olíukostnað, gengisþróun og samkeppni.

HLUTHAFAR

- **Markaðsvirði Eimskips var 278,2 milljónir evra eða 39,2 milljarðar króna þann 20. nóvember 2018**

Lokaverð bréfa Eimskips í árslok 2017 var 250,50 krónur á hlut. Lokaverð þann 20. nóvember 2018 var 209,50 krónur á hlut og var markaðsvirði félagsins miðað við fjölda útstandandi hluta því 39,2 milljarðar króna þann dag sem jafngildir 278,2 milljónum evra. Fjöldi útgefna hluta er 187.000.000, þar af eru 360.770 eigin hlutir. Fjöldi hluthafa var 764 talsins þann 20. nóvember 2018.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTUR	Q3 2018	Q2 2018	Q1 2018	Q4 2017	Q3 2017
Rekstrartekjur	182.164	172.631	155.532	175.884	173.868
Rekstrargjöld	164.530	157.718	148.281	163.986	154.581
EBITDA	17.634	14.913	7.251	11.898	19.287
EBIT	9.738	6.995	(556)	4.167	11.726
Hagnaður (tap) tímabilsins	6.269	4.615	(1.586)	2.885	8.792
EBITDA / rekstrartekjur	9,7%	8,6%	4,7%	6,8%	11,1%
EBIT / rekstrartekjur	5,3%	4,1%	(0,4%)	2,4%	6,7%
EFNAHAGUR	30.09.2018	30.06.2018	31.03.2018	31.12.2017	30.09.2017
Eignir	487.944	477.105	468.781	459.515	445.663
Eigið fé	242.538	237.086	231.016	244.610	242.703
Skuldir	245.406	240.019	237.765	214.905	202.960
Vaxtaberandi skuldir	152.219	150.347	137.410	125.984	112.960
Nettóskuldir	132.889	128.830	115.796	102.815	88.415
Eiginfjárhlutfall	49,7%	49,7%	49,3%	53,2%	54,5%
SJÓÐSTREYMI	Q3 2018	Q2 2018	Q1 2018	Q4 2017	Q3 2017
Handbært frá rekstri	10.647	8.019	1.988	10.596	7.669
Fjárfestingarhreyfingar	(13.467)	(10.914)	(13.841)	(25.123)	(9.965)
Fjármögnunarhreyfingar	708	1.869	10.532	13.412	(9.382)
Handbært fé í lok tímabils	19.330	21.517	21.614	23.169	24.545

RANNSÓKN SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins stendur enn yfir. Eimskip mun áfram leggja sig fram um að veita svör í samræmi við lagalegar skyldur félagsins. Það er félaginu fyrir bestu að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir sem allra fyrst.

UM EIMSKIP

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim, með þá framtíðarsýn að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu. Eimskip var stofnað árið 1914 og er með hlutabréf sín skráð á Nasdaq Iceland. Félagið rekur 63 starfsstöðvar í 20 löndum í fjórum heimsálfum, er með 21 skip í rekstri og hefur á að skipa um 1.800 starfsmönnum.

KYNNINGARFUNDUR 21. NÓVEMBER 2018

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn miðvikudaginn 21. nóvember 2018 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon forstjóri og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung og fyrstu níu

mánuði ársins 2018. Uppgjörsgögn og upptöku af fundinum verður hægt að nálgast eftir fundinn á fjárfestasíðu Eimskips, www.eimskip.is/investors.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2018 á stjórnarfundi þann 20. nóvember 2018.

FJÁRHAGSDAGATAL

Hér að neðan er fjárhagsdagatal fyrir árið 2019. Dagsetning birtingar á Q4 2019 og Aðalfundi hafa tekið breytingum frá áður birtu fjárhagsdagatali.

- Q4 2018: Uppgjör birt 28. febrúar 2019
- Aðalfundur 2019: 28. mars 2019
- Q1 2019: Uppgjör birt 23. maí 2019
- Q2 2019: Uppgjör birt 29. ágúst 2019
- Q3 2019: Uppgjör birt 21. nóvember 2019
- Q4 2019: Uppgjör birt 27. febrúar 2020
- Aðalfundur 2020: 27. mars 2020

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon, forstjóri, s. 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, s. 525 7202
- Hallgrímur Björnsson, fjárfestatengsl, s. 825 7212, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar tilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við sem segir í fyrirvara þessum.